



Dagsetning: 11. október 2023
Málsnúmer: 2309204/2.4

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

um gjaldskrá minjasafna í Fjarðabyggð fyrir árin 2024 og 2025

Stjórn menningarstofu og safnastofnunar tók til umfjöllunar á fundi sínum breytingar á gjaldskrá minjasafna í Fjarðabyggðar fyrir árin 2024 og 2025.

Lagt er til að í gjaldskrá 2024 og 2025 verði felld niður ákvæði um frían aðgang að söfnum gegn framvísun Fjarðakorts í framhaldi af álitum innviðaráðuneytisins í máli nr. IRN22010877 vegna jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar um gjalddöku af þjónustustarfsemi sem rekin er af sveitarfélagi.

Í gjaldskrá sé nýmæli þar sem lagt er til að miði sem seldur er fullorðnum gildi sem ársmiði að því safni þar sem hann er keyptur og hann sé óframseljanlegur. Með því er komið til móts við tilgang Fjarðakortsins að íbúar geti heimsótt sama safn oft á ári og boðið gestum með sér án þess að greiða sjálfir fyrir afnotin. Lagt er til að þessar breytingar verði gerðar á gjaldskrá beggja ára.

Þá er lagt til að í gjaldskrá 2025 verði gjald fyrir börn á aldrinum 16 og 17 ára lækkað og verði það sama og gildi fyrir eldri borgara og öryrkja. Að öðru leyti hækka gjaldskrárliðir um 100 kr. sem er um það bil 5,8% hækkun heilt yfir á gjaldskrána.

Gunnar Jónsson

Bæjarritari

